

Fundur í Safnahúsi við Hvergisgötu 13. október 2022.

Ragnheiður Vignisdóttir safnakennari Listasafns Íslands tók á móti fundarkonum og sagði frá margs konar fræðslustarfi sem Listasafnið stendur fyrir og að skólahópar væru í raun bara hluti af þeirri vinnu. Safnið skipuleggi t.d. gæðastundir fyrir eldri gesti, haldi úti Selmuklúbbnum sem skipuleggur meðal annars vinnustofuheimsóknir til listamanna og nú sé verið að vinna að samstarfi með Sinfoníuhljómsveit Íslands. Einnig sé verið að þróa ýmskonar inngildingur, t.d. að bjóða hentuga leiðsögn fyrir heilabílaða og vinna með samtökum eins og Rauða Krossinum.

Ragnheiður sagði stuttlega frá þeirri sýningu sem nú er verið að setja upp í Safnahúsinu þar sem tengt er á milli myndlistar og vísinda. Unnið sé með ýmsum stofnunum eins og Veðurstofunni og Háskóla Íslands. Sýningunni er ætlað að vera gagnvirk og gefa áhorfandinn tækifæri til að rannsaka ýmsar grundvallarspurninga og náttúrulögmál. Sýningin skiptist í Viðnám sem er á neðstu hæðinni, Hafið á annari hæð og Líffjölbreytileika sem verður á þriðju hæð og Fjöll og jökla sem verður á efstu hæðinni.

Ragnheiður vék svo talinu að nýju verkefni sem Listasafnið hefur verið að þróa á síðustu árum og er ætlað að þjálfar nemendur í myndlæsi. Safnið tekur á móti 3-5000 nemendum á hverju ári og fær hver hópur 30 – 40 mín. Ragnheiður fór á einhverjum tímapunkti að velta fyrir sér hvað stæði raunverulega eftir í huga nemenda eftir slíka heimsókn. Í tengslum við meistaraverkefni Magnúsar Dags Sævarssonar í kennslufræðideild í Listaháskólanum hefði komið upp hugmynd um að þróa námsefni sem væri þjálfun í myndlæsi. Námsefnið byggir á aðferðum Philip Yenawine og kallast Visual thinking strategies. Þessar aðferðir byggja á að taka lengri tíma í að horfa á hverja og eina mynd, jafnvel klukkutíma og nefna það sem hver og einn sér - því lengur sem maður horfir því meira sér maður. Þessi tegund af skoðun eflir virka skoðun og rökhugsun. Listasafnið hefur þróað 10 – 12 kennslustunda námsefni fyrir miðstig þar sem unnið er með 26 lykilverk úr safnaeigninni. Kennarar fá mynd af verkinu í hárri upplausn og spurningar sem þeir geta velt upp með nemendum. Nemendur skoða hvernig bakgrunnur og sérstaða hvers og eins hefur áhrif á það hvað maður sér og hvernig maður skilur listaverkið.

Eftir góðar veitingar og spjall var fundi var formlega slitið en fundarkonur gátu áfram skoðað sýninguna á eigin vegum.